

VINNUEFTIRLITIÐ

Skipulags- og byggingafulltr uppsv Árnessýslu og Flóahrepps
Helgi Kjartansson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Hveragerði 27. mars 2014

Tilvísun: 201403-0120/6.01.04

Umsögn með tilliti til aðbúnaðar, hollustuháttar og öryggis starfsfólks, samkv. lögum nr. 46/1980.

Vinnueftirlitið hefur yfirfarið teikningar af gistirými og veitingastofu að Kjóastöðum 1 Bláskógbabyggð, dagsettar 21. mars 2014. Hannað af Bent Larsen Fróðasyni, Fellskoti 2, 801 Bláskógbabyggð, verk nr. 01 190.

Vinnueftirlitið gerir athugasemdir við eftirfarandi:

- Ekki er sýnilegur ræstivaskur á teikningum í veitingastofu, samkvæmt reglugerð 581/1995, gr. 43. Þó er sýnilegur staður fyrir ræstivagn.

Vinnueftirlitið bendir á eftirfarandi:

- Þar sem starfsmenn óhreinkast eða svitna við störf sín er gert ráð fyrir starfsmannasturtu. Reglugerð um húsnæði vinnustaða 581/1995, 26. gr.
- Frágangur húsnæðis skal vera samkv. reglum um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 og öðrum reglum eftir því sem við á. Má þar meðal annars skoða ákvæði sem lúta að fjölda starfsmanna og hafa aðstöðuna í samræmi við starfsmannafjölda.
- Við byggingaframkvæmdir á húsnæði skal fara eftir reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir við tímabundna mannvirkjagerð og gera sérstakt áhættumat vegna framkvæmdanna.
- Gera þarf áhættumat fyrir starfsemi samkvæmt reglugerð 920/2006.
- Áður en starfsemi hefst í húsnæðinu skal hafa samband við Vinnueftirlitið, Sunnumörk 2, Hveragerði sem tekur húsnæðið og búnað þess út.

Við minnum á heimasíðu Vinnueftirlitsins www.vinnueftirlit.is en þar er að finna lög, reglur, reglugerðir, leiðbeiningar og annað efni varðandi vinnuverndarmál.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins

Hannes Snorrason eftiklitsmaður

